Fundur nr. 141
Ár 2016, föstudaginn 12. febrúar kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:
Líf Magneudóttir
S. Björn Blöndal
Þórlaug Ágústsdóttir
Júlíus Vífill Ingvarsson
Ólafur Adolfsson
Jónína Erna Arnardóttir

Varafulltrúi:
Gunnar Alexander Ólafsson

Áheyrnarfulltrúar:
Ingibjörg Valdimarsdóttir
Ragnar Eggertsson

Auk þess sátu fundinn: Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri, Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Ársreikningur Menntunarsjóðs Þórarins Kristjánssonar fyrir árið 2015.
   **Hafnarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum ársreikningsins. Stjórnin samþykkir reikninginn.**

2. Ársreikningur Halakots ehf.
   **Hafnarstjóri gerði grein fyrir ársreikningnum. Hafnarstjórn samþykkir reikninginn.**

3. Erindi starfshóps um stofnun þróunarfélags fyrir Grundartangasvæðið, dags.19.1.2016. Bréf bæjarráðs Akraneskaupstaðar, dags. 29.1.2016.
   **Hafnarstjórn samþykkir þátttöku í stofnun félagsins fyrir sitt leyti og kaup á hlutafé að fjárhæð kr. 750.000.**

4. Drög að samkomulagi við Línberg ehf. um gerð deiliskipulags geymslusvæðis milli Fiskislóðar og Grandagarðs.
   **Hafnarstjórn samþykkir samkomulagið. OA vék af fundi við umfjöllun og afgreiðslu málsins.**

5. Samantekt um tillögu varðandi listaverk til minningar um þátt kvenna í starfsemi hafnarinnar, dags. í febrúar 2016.
   **Lagt fram. Hafnarstjóra falið að ræða við fulltrúa SÍM um verkefnið.**

6. Minnisblað aðstoðarhafnarstjóra um framkvæmdir við nýjan hafnarbakka utan Klepps, dags. 8.2.2016.
   **Aðstoðarhafnarstjóri gerði grein fyrir málinu.**

7. Forkaupsréttarmál.
   a. Erindi Fasteignamarkaðarins ehf., dags. 1. febrúar 2016, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti á Fiskislóð 81 fastanr. 223-3977. Kaupandi Gengur betur ehf., kt. 420115-0160. Seljandi Eggjar ehf., kt. 571005-0850.

**Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti með venjulegum fyrirvara um að starfsemi falli að lóðarleigusamningi og deiliskipulagi.**

8. Önnur mál.
   a. Starfsdagur stjórnar 26. febrúar n.k.

**Farið var yfir drög að dagskrá og umræðuefnum.**

   b. Umhverfis og öryggisvottun.

**Hafnarstjóri greindi frá stöðu málsins og drögum að endurskoðaðri umhverfisstefnu.**

   c. Eigendastefna.

**Formaður fór yfir tilnefningu eigenda í nefnd um gerð eigendastefnu.**

   d. Staða mála varðandi HB Granda hf. á Akranesi.

**Ólafur Adolfsson fór yfir stöðum skipulagsmála vegna fyrirhugaðrar starfsemi HB Granda hf. á Akranesi.**

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 10:15